

Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjanesbæ, 30. maí 2008.

Umsögn um námskrá í íslensku fyrir útlendinga

Leikn, samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi barst bréf frá menntamálaráðuneytinu dagsett 22. apríl 2008 þar sem vakin er athygli á námskrárdögum og samtökunum jafnframt gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum um inntak eða uppbyggingu námskrárinnar. Einnig var óskað eftir því að Leikn beitti sér fyrir kynningu á námskrárdögum meðal annarra fullorðinsfræðsluaðila.

Leikn hefur beitt sér í kynningu á námskrárdögum og sendi þau út til félagsaðila. Jafnframt óskaði stjórn Leiknar eftir ábendingum og athugasemdum frá félagsaðilum.

Leikn fagnar þeirri vinnu sem ráðuneytið hefur staðið fyrir og að ráðuneytið er að koma að þessum málaflokki með öflugri hætti en áður.

Mikilvægt er að vel sé tekið á móti útlendingum og þeim bjóðist góð og ódýr íslenskukennsla sem mætir þörfum ólíkra hópa. Gott er að fá námsskrá til að styðjast við, en nauðsynlegt er að hún sé í sífelldri endurskoðun. Það er ljóst að 225 kennslustundir er ekki nægjanlegt til að tileinka sér íslensku svo vel sé. Mikilvægt er að einnig sé hugað að þeim hópum sem eiga erfiðast með að tileinka sér tungumálið t.d. þeim sem eru ólæsir, koma frá fjarlægum menningarsvæðum og hafa minnsta formlega menntun að baki. Jafnframt þarf að huga sérstaklega að námsefni í íslensku tengt ákveðnum störfum. Mikilvægt er að ráðuneytið beiti sér fyrir því að til verði fjölbreytt námsefni á aðgengilegu formi m.a. á veraldarvefnum og jafnframt verði hugað sérstaklega að því að nýta það efni sem þegar er til.

Varðandi námskránnar þá væri æskilegast að tímafjöldinn væri sá sami á öllum námskeiðunum og að hvert námskeið væri 50 eða 60 kennslustundir að lengd. Þetta varðar eingöngu hagræði í skipulagningu námskeiðanna.

Ljóst er að námskráin ein og sér dugar ekki heldur þarf viðbótar úrræði eins og fram kemur hér að ofan.

Virðingarfyllst,

Guðjónína Sæmundsdóttir, formaður Leiknar